



Við styrkjum þig



Þú útvegar þjálfun.
Við styrkjum.



Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins
og Flóabandalagsins

Símenntun er hagur allra



Menntun í atvinnulífinu er sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekanda og samtaka launafólks. Því er mikilvægt að stjórnendur og starfsmenn sýni frumkvæði og efli starfsmenntun.

Til þess að laða að og halda góðu og hæfileikaríku starfsfólki þarf að fjárfesta í starfsþróun. Fjárfesta í mannauði. Allt bendir til að þannig fjárfesting skili sér fljótt og margfalt til baka.

Margar leiðir eru til starfsþróunar. Þær eru ekki bara hin hefðbundna símenntun í formi námskeiða. Leitið upplýsinga hjá **Starfsafl** í síma **510 7544** eða á **www.starfsafl.is**.

Fyrirtækjastyrkir



Starfsafl styrkir fyrirtæki til námskeiðahalds fyrir starfsmenn **Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSFK)** eða til annarrar fræðslustarfsemi t.d. nýliðaþjálfunar. Eins má nefna námskeið í tölvunotkun, notkun sérhæfðra tækja, skyndihjálp, hópefli, öryggisfræðslu, gestafyrirlestra, tungumálánám o.fl.

Símenntunarmiðstöðvar, fræðsluaðilar og sjálfstæðir ráðgjaf-

ar geta greint fræðsluþarfir fyrirtækisins og gert fræðsluáætlanir ef viðkomandi vill.

Starfsafl er einnig ávallt tilbúið að koma að þessari vinnu með ráðgjöf, fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Að jafnaði getur fyrirtæki reiknað með styrk sem nemur 75% af útlögðum kostnaði (fyrirtæki utan **Samtaka atvinnulífsins** fá þó minna).

Hringdu í síma **510 7544** eða sendu tölvupóst á **starfsafl@starfsafl.is** og fáðu okkur í heimsókn án skuldbindinga eða kostnaðar!

Einstaklingsstyrkir



Félagsmenn **Eflingar - stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar** og **Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis** geta sótt um starfsmenntastyrk til sjóðsins.

Starfsafl veitir einstaklingum styrki fyrir námskeiðsgjöldum og skólagjöldum hjá viðurkenndum aðilum, s.s. mennta- og framhaldsskólum, tölvuskólum, tungumálaskólum o.s.frv.

Lífsleikni/frístundanám er einnig styrkt.

Við aðstoðum þig við starfsmenntun

- ▶ Viltu auka framleiðni og framlegð með aukinni færni starfsmanna?
- ▶ Viltu stuðla að minni starfsmannaveltu?
- ▶ Viltu nýta betur hæfni starfsmanna?
- ▶ Viltu efla kunnáttu starfsmanna og þekkingu?



SAMTOK ATVINNULÍFSINS



Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins
og Flóabandalagsins

Starfsafl - Sætúni 1, 105 Reykjavík • Sími: 510 7544 • www.starfsafl.is